**402. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 4. júní 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

**Mætt:**
Auður Kjartansdóttir
Eiríkur Böðvar Rúnarsson
Júníana Björg Óttarsdóttir
Sigrún Erla Sveinsdóttir, í fjarveru JBJ
Jóhanna Jóhannesdóttir
Urszula Zyskowska
Illugi Jens Jónasson
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Júníana Björg Óttarsdóttir, sá bæjarfulltrúi sem setið hefur lengst í bæjarstjórn, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Bauð hún sérsaklega velkomin Urszulu, Illuga og Sigrúnu Erlu á þeirra fyrsta bæjarstjórnarfund. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

1) **Kosning forseta bæjarstjórnar til eins árs.**
Tillaga kom um Auði Kjartansdóttur.
Tillagan var samþykkt samhljóða og tók Auður nú við stjórn fundarins.

Forseti lagði fram eftirfarandi bókun og var hún samþykkt samhljóða.
„Bæjarfulltrúar D listans taka sæti í bæjarstjórn Snæfellsbæjar með auðmýkt gagnvart því mikilvæga hlutverki sem þeim hefur verið falið næstu fjögur árin. Sú staða að listinn taki einn sæti í bæjarstjórn felur í sér sérstaka ábyrgð á að gæta fjölbreyttra sjónarmiða, að vera í góðu sambandi við íbúana og sem fyrr vinna ávallt með hagsmuni sveitarfélagsins að leiðarljósi.
Bæjarfulltrúar munu vinna af heilindum, gagnsæi og fagmennsku í þágu samfélagsins alls á öllu kjörtímabilinu. Við ætlum að leggja okkur fram um að veita öfluga þjónustu við íbúa, styðja við kröftugt atvinnulíf, tryggja traustan rekstur sveitarfélagsins og halda áfram uppbyggingu sem styrkir sveitarfélagið til framtíðar. Þannig tryggjum við að Snæfellsbær sé góður, aðlaðandi og fjölskylduvænn búsetukostur.
Rík áhersla verður á gott samstarf við starfsfólk sveitarfélagsins, virkt samtal við íbúa og vandaða málsmeðferð við ákvarðanatöku. Skoðanir og hagsmunir íbúa eru fjölbreyttir og mikilvægt að raddir allra fái að heyrast. Haldnir verða reglulegir íbúafundir á kjörtímabilinu og sá fyrsti verður haldinn í haust í tengslum við fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2027. Þar gefst íbúum gott tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
Við kjörnir fulltrúa tökum þessu verkefni af ábyrgð og virðingu og hlökkum til að gegna störfum okkar af alúð og skynsemi í samvinnu við íbúa sveitarfélagsins á komandi kjörtímabili."

2) **Kosning 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar til eins árs.**
Tillaga kom um Júníönu Björgu Óttarsdóttur sem fyrsta varaforseta og Eirík Böðvar Rúnarsson sem annan varaforseta.
Tillagan samþykkt samhljóða.

3) **Kosning þriggja aðila og jafnmargra til vara í bæjarráð til eins árs.**
Tillaga kom um eftirfarandi:

| ***aðalmenn*** | ***varamenn*** |
|---|---|
| Júníana Björg Óttarsdóttir | Auður Kjartansdóttir |
| Eiríkur Böðvar Rúnarsson | Jóhanna Jóhannesdóttir |
| Jón Bjarki Jónatansson | Urszula Zyskowska |

Tillagan samþykkt samhljóða

JBÓ
EB
AK SES IJ
JJJ Jóhanna
KJ

**4) Kosning þriggja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn Snæfellsbæjar til fjögurra ára.**

Tillaga kom um eftirfarandi:

| ***aðalmenn*** | ***varamenn*** |
|---|---|
| Hjálmar Kristjánsson | June Beverly Scholtz |
| Kolbrún Ívarsdóttir | Marinó Mortensen |
| Þórður Björnsson | Lúðvík Ver Smárason |

Tillagan samþykkt samhljóða.

**5) Kosning aðal- og varamanna í nefndir og ráð Snæfellsbæjar til fjögurra ára.**

Eftirfarandi tillögur komu um aðal- og varamenn í nefndir og ráð Snæfellsbæjar:

**Atvinnuveganefnd:**

Tillaga kom um að fresta tilnefningu í atvinnuveganefnd þar til búið er að endurskoða tilgang og markmið nefndarinnar.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Bæjarstjórn samþykkti að fela bæjarráði að taka að sér hlutverk nefndarinnar fram að þeim tíma.

**Félagsþjónustunefnd:**

| ***aðalmenn*** | ***varamenn*** |
|---|---|
| Gunnhildur Hafsteinsdóttir | Viktoría Sif Viðarsdóttir |
| Guðni Eiríkur Guðmundsson | Þór Fannberg Gunnarsson |

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Umhverfis- og skipulagsnefnd:**

| ***aðalmenn*** | ***varamenn*** |
|---|---|
| Illugi Jens Jónasson | Guðmundur Grétar Bjarnason |
| Kristjana Hermannsdóttir | Hildigunnur Haraldsdóttir |
| Halldór Kristinsson | Birgitta Rún Baldursdóttir |
| Hallveig Hörn Þorbjargardóttir | Daníel Husgaard Þorsteinsson |
| Gylfi Freyr Karlsson | Birgir Tryggvason |

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Hafnarstjórn:**

| ***aðalmenn*** | ***varamenn*** |
|---|---|
| Jón Bjarki Jónatansson | Bárður Guðmundsson |
| Styrmir Páll Sigurðarson | Marinó Sigurjónsson |
| Heiðar Magnússon | Lilja Hrund Jóhannsdóttir |
| Hafrún Ævarsdóttir | Íris Ósk Jóhannsdóttir |
| Ísabella Una Halldórsdóttir | Björn Arnaldsson |

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Velferðarnefnd:**

Tillaga kom um að fresta tilnefningu í velferðarnefnd þar sem vinna er í gangi um að sameina verkefni velferðarnefnda á Snæfellsnesi í sameiginlega velferðarnefnd sem starfi undir stjórn Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Bæjarstjórn samþykkti að fela bæjarráði að taka að sér hlutverk nefndarinnar fram að þeim tíma.

**Íþrótta- og æskulýðsnefnd:**

| *aðalmenn* | *varamenn* |
|---|---|
| Margrét Eva Einarsdóttir | Kristjana Pétursdóttir |
| Kristgeir Kristinsson | Silja Sigurðardóttir |
| Aron Baldursson | Pétur Steinar Jóhannsson |
| Margrét Vilhjálmsdóttir | Helga Jóhannsdóttir |
| Sara Egilsdóttir | Daði Rúnar Einarsson |

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Menningarnefnd:**

| *aðalmenn* | *varamenn* |
|---|---|
| Karítas Bríet Ólafsdóttir | Sólrún Silja Rúnarsdóttir |
| Margrét Elfa Ólafsdóttir | Rebekka Unnarsdóttir |
| Arnheiður Guðmundsdóttir | Jóhannes Snær Eiríksson |
| Máni Ingólfsson | Lilja Þorvarðardóttir |
| Jóhannes Stefánsson | Guðjón Jóhannesson |

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Stjórn Jaðar:**

| *aðalmenn* | *varamenn* |
|---|---|
| Björn Arnaldsson | Lovísa Olga Sævarsdóttir |
| Sigrún H Guðmundsdóttir | Örvar Már Marteinsson |
| Hallgrímur Árni Ottósson | Jóhann Pétursson |

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Öldungaráð:**

| *aðalmenn* | *varamenn* |
|---|---|
| Sveinn Þór Elinbergsson | Atli Alexandersson |
| Svanhildur Pálsdóttir | Ásta Dóra Valgeirsdóttir |
| Ragnheiður Víglundsdóttir | Lúðvík Ver Smárason |
| Jón Guðmundsson (FEB) | Gerður Þórðardóttir (FEB) |
| Svanur Aðalsteinsson (FEB) | Steiney Kristín Ólafsdóttir (FEB) |

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Fræðslunefnd:**

| *aðalmenn* | *varamenn* |
|---|---|
| Sigrún Erla Sveinsdóttir | Marta S Pétursdóttir |
| Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir | Orri Freyr Magnússon |
| Jón Kristinn Ásmundsson | Berglind Elva Elísabetar Tryggvadóttir |
| Karitas Hrafns Elvarsdóttir | Ingunn Ýr Angantýsdóttir |
| Stefán Svansson | Hafþór Svanur Svansson |

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Landbúnaðar- og fjallskilanefnd:**

| *aðalmenn* | *varamenn* |
|---|---|
| Herdís Leifsdóttir | Sólveig Bláfeld Agnarsdóttir |
| Þór Reykfjörð | Sigurður Arnfjörð Guðmundsson |
| Guðmundur Ólafsson | Jökull Gíslason |

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Kjörstjórn Ólafsvíkur- og Fróðárhreppskjördeild:**

| *aðalmenn* | *varamenn* |
|---|---|
| Jóhannes Ólafsson | Guðrún Anna Oddsdóttir |
| Elva Ösp Magnúsdóttir | Sigrún Þórðardóttir |
| Hanna Metta Bjarnadóttir | Nanna Aðalheiður Þórðardóttir |

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Kjörstjórn Hellissands- og Rifskjördeild:**

| ***aðalmenn*** | ***varamenn*** |
|---|---|
| Svanfríður Kristjánsdóttir | Aron Baldursson |
| Halldór Kristinsson | Ásta Dóra Valgeirsdóttir |
| Jensína Guðmundsdóttir | Þorbjörg Höskuldsdóttir |

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Kjörstjórn Staðarsveitar- og Breiðuvíkurkjördeild:**

| ***aðalmenn*** | ***varamenn*** |
|---|---|
| Margrét Björk Björnsdóttir | Þórarinn Þórsson |
| Hildur Sveinbjörnsdóttir | Þóra Kristín Magnúsdóttir |
| Guðmundur Grétar Bjarnason | Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir |

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Rekstrarnefnd félagsheimilisins Klifs:**

***aðalmenn***
Brynja Mjöll Ólafsdóttir
Baldvin Leifur Ívarsson
Jenný Guðmundsdóttir (fulltrúi félagasamtakanna)

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Rekstrarnefnd félagsheimilisins Rastar:**

***aðalmenn***
Karen Olsen
Kristgeir Kristinsson
Guðrún Hallfríður Elíasdóttir (fulltrúi félagasamtakanna)

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Rekstrarnefnd félagsheimilisins á Lýsuhóli:**

***aðalmenn***
Þorkell Marvin Halldórsson
Kristjón Sindri Sigurjónsson
Þóra Kristín Magnúsdóttir (fulltrúi félagasamtakanna)

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Stjórn Náttúrugripasafns Hellissands:**

***aðalmenn***
Smári Lúðvíksson
Anna Þóra Böðvarsdóttir
Halldór Kristinsson

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Stjórn byggðasamlags um rekstur félags- og skólaþjónustu Snæfellinga:**

| ***aðalmaður*** | ***varamaður*** |
|---|---|
| Kristinn Jónasson | Auður Kjartansdóttir |

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga:**

| ***aðalmenn*** | ***varamenn*** |
|---|---|
| Auður Kjartansdóttir | Eiríkur Böðvar Rúnarsson |
| Júníana Björg Óttarsdóttir | Jón Bjarki Jónatansson |

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands:**

| ***aðalmaður*** | ***varamaður*** |
|---|---|
| Kristinn Jónasson | Rögnvaldur Ólafsson |

Tillagan samþykkt samhljóða.

EB AU SES JJ

**Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi:**

| ***aðalmenn*** | ***varamenn*** |
|---|---|
| Auður Kjartansdóttir | Jóhanna Jóhannesdóttir |
| Eiríkur Böðvar Rúnarsson | Urszula Zyskowska |
| Jón Bjarki Jónatansson | Illugi Jens Jónasson |
| Júníana Björg Óttarsdóttir | Sigrún Erla Sveinsdóttir |

Tillagan samþykkt samhljóða

**Eigendaráðs Svæðisgarðs Snæfellinga:**

| ***aðalmaður*** | ***varamaður*** |
|---|---|
| Eiríkur Böðvar Rúnarsson | Jóhanna Jóhannesdóttir |

Tillagan samþykkt samhljóða

**Svæðisskipulagsnefnd:**

| ***aðalmaður*** | ***varamaður*** |
|---|---|
| Urszula Zyskowska | Sigrún Erla Sveinsdóttir |
| Jón Bjarki Jónatansson | Eiríkur Böðvar Rúnarsson |

Tillagan samþykkt samhljóða

Forseti bæjarstjórnar bauð nýtt nefndarfólk velkomið til starfa og vildi jafnframt koma á framfæri þakklæti til þeirra sem setið hafa í nefndum á liðnu kjörtímabili en eru nú að hætta sínum nefndarstörfum fyrir bæjarfélagið.

6) **Ráðning bæjarstjóra.**
Lagður var fram ráðningarsamningur við Kristinn Jónasson um stöðu bæjarstjóra Snæfellsbæjar næstu fjögur árin.
Ráðningarsamningur við Kristinn var samþykktur samhljóða.

7) **Prókúruumboð bæjarstjóra og bæjarritara.**
Lagt var fram endurnýjað prókúruumboð bæjarstjóra og bæjarritara til fjögurra ára. Voru þau samþykkt samhljóða og undirrituð.

8) **Siðareglur kjörinna fulltrúa í Snæfellsbæ.**
Bæjarstjórn staðfesti samhljóða framlagðar siðareglur bæjarstjórnar.

9) **Fundargerð 368. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 21. maí 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

10) **Fundargerð 35. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 2. júní 2026.**
Lögð fram til kynningar.

11) **Fundargerð 202. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 28. maí 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

12) **Fundargerð stjórnar Dvalarheimilisins Jaðars, dags. 12. maí 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

13) **Fundargerð 153. fundar hafnarstjórnar, dags. 12. maí 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

14) **Fundargerð fræðslunefndar, dags. 18. maí 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

15) **Fundargerð 202. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 18. maí 2026.**
Lögð fram til kynningar.

16) **Fundargerð 242. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 26. mars 2026.**
Lögð fram til kynningar.

17) **Fundargerð 998. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 8. maí 2026.**
Lögð fram til kynningar.

18) **Fundargerð 482. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 13. apríl 2026.**
Lögð fram til kynningar.

19) **Fundarboð á aukaaðalfund SSV 2026, dags. 1. júlí 2026.**
Aðalmenn Snæfellsbæjar eru, Auður, Eiríkur Böðvar, Jón Bjarki og Júníana Björg.

20) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 11. maí 2026, varðandi Landsþing Sambandsins og landsþingsfulltrúa.**
Lagt fram til kynningar.

21) **Menntastefna Snæfellsbæjar 2026-2031**
Bæjarstjórn samþykkti framlagða Menntastefnu Snæfellsbæjar 2026-2031 samhljóða.

22) **Innleiðing menntastefnu Snæfellsbæjar 2026-2031.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða framlagða innleiðingu menntastefnu Snæfellsbæjar.

23) **Bréf frá Maggýju Hrönn Hermannsdóttur, dags. 18. maí 2026, varðandi lóðarleigusamning um Dalbæ**
Á bæjarstjórnarfundi þann 9. október 2025 samþykkt bæjarstjórn samhljóða að gefa tæknideild Snæfellsbæjar heimild til að gera lóðarleigusamninga til 7 ára í þeim tilvikum sem tæknideild metur það skynsamlegt, vegna þeirra fasteigna í Snæfellsbæ sem standa á svæðum þar sem um víkjandi byggð er að ræða skv. aðal- og deiliskipulagi. Tæknideildinni var jafnframt gefin heimild til að framlengja slíka samninga ef framkvæmdir hafa ekki hafist á svæðinu skv. skipulagi að samningstíma liðnum. Þá verði leigusamningur aðeins framlengdur um þann árafjölda sem gert er ráð fyrir að líði þar til slíkar framkvæmdir hefjist.
Ekkert hefur breyst í afstöðu bæjarstjórnar frá þessum tíma, samþykkt samhljóða.

24) **Bréf frá Skógræktar- og landverndarfélagi undir Jökli, dags. 27. maí 2026, varðandi frisbígolfvöll í Tröðinni á Hellissandi.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela tæknideild Snæfellsbæjar að ljúka uppsetningu frisbígolfvallar í Tröðinni á Hellissandi, í samvinnu við stjórn Skógræktar- og landverndarfélags undir Jökli.

25) **Bréf frá EBÍ, dags. 2. apríl 2026, varðandi tillögu að nýjum samþykktum fyrir Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.**
Lagt fram til kynningar.

26) **Samþykktir Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga bs. – seinni umræða í bæjarstjórn eftir samþykkt í ráðuneytunum.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða framlagðar samþykktir Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga bs.

27) **Umboð til bæjarráðs í sumarleyfi bæjarstjórnar.**
Forseti bæjarstjórnar gerði það að tillögu sinni að næsti reglulegi fundur bæjarstjórnar verði fimmtudaginn 3. september n.k. og að bæjarráði verði veitt fullt umboð til fullnaðarafgreiðslu mála í samræmi við 4. mgr. 8. gr. og 4. mgr. 32. gr. samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar.
Tillagan samþykkt samhljóða.

28) **Minnispunktar bæjarstjóra.**
a) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins.
b) Bæjarstjóri fór yfir fundarskipulag bæjarstjórnar og bæjarráðs veturinn 2026-2027.
c) Bæjarstjóri sagði frá fundi vegna bókasafns, tónlistarskóla og íbúða fyrir 60+.
d) Bæjarstjóri fór yfir þær framkvæmdir sem eru að hefjast þessa dagana.

e) Bæjarstjóri fór yfir fjölda gesta á salerni á Arnarstapa.
f) Bæjarstjóri fór yfir fjárhagsyfirlit stofnana sem bæjarstjórn fær reglulega.
g) Bæjarstjóri fór yfir þann fjölda sem kom á tjaldstæði sveitarfélagsins í maí.
h) Bæjarstjóri fór yfir fund vegna kaupa ríkisins á fasteignum Jaðars.
i) Bæjarstjóri fór yfir íbúafjölda sem í dag er 1793 samkvæmt tölum Þjóðskrá.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:38**

Auður Kjartansdóttir

Eiríkur Böðvar Rúnarsson

Júníana Björg Óttarsdóttir

Sigrún Erla Sveinsdóttir

Jóhanna Jóhannesdóttir

Urszula Zyskowska

Illugi Jens Jónasson

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri